

## Skýrsla af 95 þingi Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar ( ILO ) Genf 31.5 – 16.6 2006

### Sendinefndin

Af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra í Genf og ásamt honum Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneytinu, starfsmenn fastanefndarinnar í Genf og Eyjólfur Sæmundsson ( Vinnueftirliti ríkisins ). Af hálfu samtaka verkafólks sótti þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur SA ( fyrri hluti þingsins ) og ásamt henni Jón H. Magnússon, lögfræðingur SA ( seinni hluti þingsins ). Þeir Sigurður Magnússon frá ASÍ og Páll Svavarsson frá BSRB sóttu Genfarskólann að þessu sinni en Sigurður myndaði jafnframt hluta af sendinefnd verkafólks. Til stóð að Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra myndi heimsækja þingið en af því varð ekki.

### Fundurinn með forstöðukonu Alþjóðlagadeildar ILO

Gylfi Kristinsson gekkst fyrir sérstökum fundi með Cleopötru Doumbia-Henry, framkvæmdastjóra alþjóðlagadeildar ILO. Tilfni fundarins var að fá skýringar og leiðbeiningu vegna Samþykktar 81 um Vinnueftirlit. SA hefur haft verulegar efasemdir um að Ísland gæti fullgilt þessa samþykkt, aðallega vegna ákvæða 3.gr. um hlutverk vinnueftirlits eins og það er skilgreint í samþykktinni. Þar kemur m.a. að stofnuninni beri að sjá til þess að lagareglum um kjör á vinnumarkaði m.a. hvað varðar laun. Hér á landi eru það aðilar vinnumarkaðarins sem annast þetta hlutverk en ekki Vinnueftirlitið. Skemmst er frá að segja að á fundinum kom fram að um er að ræða opið ákvæði án tæmandi talningar eða skilyrða. Með öðrum orðum rúmast það innan ramma hennar að viðhafa eftirlit með þessum þáttum með þeim hætti sem gert er hér á landi. Vegna ítrekaðra spurninga fulltrúa SA var ákveðið að félagsmálaráðuneytið myndi rita forstöðukonunni sérstakt bréf sem hún myndi efnislega staðfesta skýringar sínar á fundinum. Vonandi verður þessi fundur til þess að flýta fyrir staðfestingu Íslands á þessari forgangssamþykkt ILO.

### Megin málefni

1. Samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum – önnur umræða.
2. Setning tilmæla um ráðningarsamband.
3. Almenn umræða um tæknilega aðstoð ILO.
4. Framkvæmd samþykktar.

### 1. Samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti – önnur umræða

Eyjólfur Sæmundsson sat þessa nefnd af hálfu íslenskra stjórnvalda. Eyjólfur fékk heimild til þess að skipa sér undir merki Evrópusambandsins og starfaði með þeim hóp. Jafnframt sat þessa nefnd Páll Svavarsson. Öll norræna verkalýðshreyfingin utan Íslands tók formlegan þátt í störfum þessarar nefndar og sá Björn Eriksson (Noregi) um að samræma störf fulltrúanna. MMN hafði tekið þátt í undirbúningi þess starfs á liðnum vetri. Þessari samþykkt er ætlað að tengja saman og hnykkja á eldri samþykktum ILO um sama efni. Í henni er fyrst og fremst fjallað um nauðsyn og skyldu til þess að hafa gangandi áætlun og

skipulagt kerfi í kringum aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og fleira í þeim dúr. Miklar efasemdir voru í hópi verkafólks um hvort við ættum yfir höfðu að standa að þessari samþykkt þar sem hún gengi mjög stutt. Reynt var til hins ýtrasta að flytja tillögur um það sem betur mætti fara. Heildarniðurstaðan varð viðunandi og lauk með því að samþykkt var ný samþykkt, Samþykkt 186 ásamt viðeigandi tilmæla. Ekkert er því til hindrunar að samþykkt þessi ásamt tilmælum verði þegar í stað staðfest af Íslands hálfu.

Sjá má hina nýju samþykkt og tilmæli hér ( liður 20 A og B ): [Samþykkt](#)

## **2. Setning tilmæla um ráðningarsamband**

MMN sat þessa nefnd með fullum réttindum en auk þess fylgdi Sigurður Magnússon störfum hennar. Ibraim Pattel frá Suður-Afríku og fulltrúi verkafólks í stjórnarnefnd ILO stýrði störfum verkalýðshópsins og gerði það af stakri snilld. Andrew Finley frá Kanada af stýrði atvinnurekendahópnum. Hér er um gamalt mál að ræða. Upphaflega var reynt að setja samþykkt um “launaverktöku” á árunum 1997 og 1998 en það tókst ekki. Almenn umræða var um málið 2003 og lauk henni með að ákveðið var að setja það á dagskrá 95 þings með það fyrir augum að setja um það tilmæli en til þess þarf bara eina umræðu. Fyrir nefndinni lágu drög að nýjum tilmælum sem útbúin höfðu verið af skrifstofu ILO. Þau drög byggja m.a. á svörum aðildarríkja ILO, þ.m.t. Íslands. Ekki tókst sátt um það í þríhliða nefnd ILO á Íslandi hvernig svara skyldi en fulltrúi stjórnvalda og ASÍ náðu þökkalegri sátt. Þau svör eru nokkuð á sama veg og annarra Evrópulanda og verkafólki hagstæð.

Megin átakalínur í nefndinni lágu um gildissvið tilmælanna. Atvinnurekendur lögðu upp með þá stefnu að tilmælin skyldu aðeins fjalla um þau tilvik þar sem atvinnurekandi reynir að dulbúa venjulegt ráðningarsamband sem eitthvað annað meðan verkalýðsarmurinn ásamt meirihluta ríkisstjórnanna vildum að þau tækju til dulbúinna ráðningarsambanda, óljósra og misvísandi ráðningarsambanda og til þríhliða ráðningarsambanda ( t.d. starfsmannaleiga ). Jafnframt var hart tekist á um það hvort tilmælin skyldu geyma opna og sveigjanlega leiðbeiningu til stjórnvalda um það hvernig greina mætti ráðningarsambönd lögmætum viðskiptasamböndum en hvoru tveggja er mikilvægt fyrir launafolk og stjórnvöld m.a. hvað varðaaufgreiðslu um málið. Sú umræða var erfið og þvældu atvinnurekendur henni meira og minna út og suður en með litlum árangri að lokum. Meðal annars ákváðu þeir að taka ekki þátt í störfum nefndarinnar á lokametrunum. Það bar engan árangur og talsverður hópur atvinnurekenda greiddi tilmælunum atkvæði sitt við lokaufgreiðslu þingsins. Evrópusambandið ásamt Afrikusambandinu, Nýja-Sjálandi og Nígeríu tryggðu viðunandi niðurstöðu í málinu. Að lokum voru tillögur nefndarinnar samþykktar sem tilmæli.

Sjá má hin nýju tilmæli hér ( liður 21.A ): [Tilmæli](#)

### 3. Almenn umræða um tæknilega aðstoð ILO

Um er að ræða reglulega umræmu um stöðu, þróun og framtíð þeirrar tæknilegu aðstoðar sem veitt er af ILO en hún er annað stærsta hlutverk stofnunarinnar og tekur til sín verulega fjármuni af fjárlögum stofnunarinnar hverju sinni. Niðurstaða umræðunnar var allýtarleg. Þar er megináhersla lögð á koma stefnu ILO um mannsæmandi vinnu fyrir alla inn í verkefni hinna ýmsu stofnana Sameinuðu Þjóðanna, að þríhliða samstarf sé haft að leiðarljósi þegar tæknileg aðstoð er veitt, þróun samvinnuverkefna milli fyrirtækja, stofnana og einstakra ríkja o.fl. Þessari umræðu lauk síðan með sérstakri samþykkt þar sem lagt er fyrir Stjórnarnefndina að taka tillit til þess arna við frágang á fjárlögum þar til næsta almenna umræða fer fram á árinu 2011.

Sjá nánar ( liður 19 ) [Tæknileg aðstoð](#)

### 4. Nefnd um framkvæmd Samþykkt

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum, sérstakri umræðu um ástandið í Myanmar var fjallað um brot á eftirfarandi samþykktum:

#### S-26 Lágmarkslaun

*Djibouti* – Hefð er ekki fyrir gerð kjarasamninga og þeir vart gerðir. Skv. samþykktinni bera að hafa í gildi einhverskonar kerfi til ákvörðunar á lagmarkslaunum en svo er ekki svo ásættanlegt sé. Stjórnvöld hvött til aðgerða.

#### S-29 Nauðungarvinna

*Myanmar ( Burma )* – Sömu vandamál og greint hefur verið frá áður en stjórnvöld hafa haldið uppteknum hætti og lítt látið segjast. Málið er talið það alvarlegt að efnt var til sérstaks fundar um það þar sem stjórnvöld eru harðlega gagnrýnd. Jafnframt fjallaði þann 23.3 2006, allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna um viðvarandi brot herstjórnarinnar í Burma á mannréttindum landsmanna.

*Úganda* - Fyrst og fremst er um að ræða nauðungarherþjónustu barna, nauðungarflutninga atvinnulausra og nauðungarvinnu í fangelsum. Stjórnvöld voru áminnt alvarlega og hvött til að herða og virka refsingar við brotum.

#### S-87 Félagafrelsi

*Bosnía og Herzgovina* – Verulegar hindranir við stofnun og skráningu verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda. Ríkisstjórnin hvött til þess að þiggja þá tæknilegu aðstoð ILO sem í boði er.

*Venesúela* - Verulegar takmarkanir á verkfallsrétti. Viðvarandi brot og stjórnvöld hvött til að hraða úrbótum. Nefnd sérfræðinga ILO heimsótti landið í byrjun árs 2006.

*Simbabwe* – Sjötta árið í röð var fjallað um viðvarandi brot stjórnvalda á grundvallarmannréttindum og réttindum launafólks og atvinnurekenda. Stjórnvöld svöruðu fyrir sig fyrst og fremst þannig að um væri að ræða eitt allsherjar samsæri stjórnvalda og félagasamtaka í Evrópu sem engan skilning hefðu ástandinu. Þau gagnrýndu ennfremur harðlega vinnubrögð ILO. Undir þetta var ekki tekið ef undan er skilinn fulltrúi ríkisstjórnar Kúbú. Stjórnvöld voru hvött til þess að gera úrbætur og veita viðtöku sérstakri nefnd ILO.

### **S-87 og 98 Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga**

*Ástralía* - Verulegar hindranir á verkfallsrétti, skortur á vernd fyrir launamenn sem kjósa að eiga aðild að stéttarfélögum og kjarasamningum og mismunun varðandi umboð til þess að gera kjarasamninga. Stjórnvöld gerðu grein fyrir nýrri löggjöf sem ætlað er að koma til móts við kröfur ILO og var sérfræðinganeftdinni falið að meta hvort rétt væri og gefa nefndinni skýrslu þar að lútandi.

*Hvíta Rússland* – Sjá fyrri skýrslur en um er að ræða alvarleg viðvarandi brot gegn verkalýðshreyfingunni og samtökum atvinnurekenda sem stjórnvöld hafa ekki látið af. Mjög hörð gagnrýni kom fram og var ákveðið að taka niðurstöður nefndarinnar upp í sérstaka málsgrein en það er einungis gert ef um mjög alvarleg og ítrekuð brot er að ræða.

### **S-95 Launavernd**

Undir þessum lið var fjallað um mál *Mið-Afríku lýðveldisins og Libíu*. Bæði ríkin voru gagnrýnd og hvött til að taka við tæknilegri aðstoð.

### **S-98 Rétturinn til að stofna verkalýðsfélög og gera kjarasamninga**

*Bangladesh* – Annars vegar er um að ræða verulegar takmarkanir á rétti til að gera kjarasamninga bæði á almennum vinnumarkaði en ekki síst á sérstökum fríverslunarsvæðum sem algeng eru þar í landi. Hins vegar var fjallað um skort á vernd fyrir það fólk sem tekur þátt í starfi verkalýðsfélaga. Nefndin harmaði að ríkisstjórnin hefði ekki komið á framfæri neinum upplýsingum um aðgerðir til þess að koma ástandi mála í lögmætt horf og ákvað að taka gagnrýni sína upp í sérstaka málsgrein í niðurstöðum sínum.

*Costa-Rica* – Takmarkanir á kjarasamningsrétti, sérstaklega hjá opinberum starfsmönnum. Vakin var athygli á að málið væri nú tekið fyrir í fimmta sinn vegna sömu brota. Ákveðið var að senda til landsins nefnd háttsettra embættismanna ILO.

*Guatemala* – Verulegar takmarkanir á verkfallsrétti, hindranir á störfum frjálsra verkalýðsfélaga, mismunun og ofbeldi gagnvart félagsmönnum og forsvarsmönnum verkalýðsfélaga. Stjórnvöld gangrýnd og athygli þeirra vakin á því að þau geti nýtt sér tæknilega aðstoð ILO.

*Pakistan* – Verulegar hindranir og bann við starfsemi verkalýðsfélaga og kjarasamningum, sérstaklega á sviði hins opinbera og á sérstökum fríverslunarsvæðum. Stjórnvöld gangrýnd og athygli þeirra vakin á því að þau geti nýtt sér tæknilega aðstoð ILO.

*Sviss* – Skortur á vernd fyrir það launafólk sem á aðild að stéttarfélögum og kjarasamningum þeirra auk þess sem frjálsum kjarasamningum hefur fækkað skipulega á undanförunum árum. Stjórnvöld hvött til þríhliðaviðræðna um úrbætur.

### **S-100 Launajafnrétti**

*Bretland* - Þar á bæ eru umsamin tímalaun kvenna 17.1% lægri en karla og 38% lægri þegar hlutastörf eiga í hlut. Stjórnvöld voru hvött til raunhæfra aðgerða og jafnframt að leggja sérstaka áherslu á stöðu kvenna í tímabundnum störfum og í hlutastörfum.

### **S-111 Bann við mismunun**

Undir þessum lið var fjallað um stöðuna í *Íran, Mexíkó og Slóvakíu*.

### **S-122 Stefnamótun í atvinnumálum**

Undir þessum lið var fjallað um stöðuna í *Taílandi*

### **S-138 Lágmarksaldur til vinnu**

Undir þessum lið var fjallað um stöðuna í *Kenía*.

### **S-159 Starfsþjálfun og atvinna fatlaðra**

Undir þessum lið var fjallað um stöðuna á *Írlandi*.

### **S-162 Asbest**

Undir þessum lið var fjallað um stöðuna í *Króatíu*.

### **S-169 Frumbyggjar**

Undir þessum lið var fjallað um stöðuna í *Paragvæ*.

### **S-182 Barnavinna**

*Filipseyjar* - Stjórnvöld harðlega gagnrýnd fyrir að grípa ekki til ráðstafana gegn vinnu barna við hættulegar aðstæður og gegn mansali í kynlífsiðnaði landsins.

*Bandaríkin* – Fyrst og fremst eru Bandaríkin gagnrýnd fyrir að leyfa unglíngum að starfa við hættuleg störf í landbúnaði og í fullum störfum á veitingahúsum og skyndibitastöðum. Stjórnvöld skýrðu málstað sinn ýtarlega en voru gagnrýnd og þess óskað að þau gerðu nefndinni grein fyrir aðgerðum sínum í næstu skýrslu sinni.

Sjá má umfjöllun nefndarinnar hér ( liður 24 ): [Umfjöllun nefndarinnar](#)

**Mat**

Þingstörf tókust með ágætum þrátt fyrir að atvinnurekendur hafi reynt að tefja störf þeirrar nefndar sem fjallaði um vinnuréttarsambönd. Engir hnökrar urðu í atkvæðagreiðslum. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans. Svo virðist sem að samsetning hópsins hafi verið eilítið með öðrum hætti en oft áður og færri nemendur úr yngsta kantinum.

**Vefföng þar sem nálgast má skýrslur og niðurstöður frá 95 þingi ILO**

[95 þing ILO 2006 - Gögn](#)

*Júní 2006*

*Magnús M. Norðdahl*